



Tímabundið starfsleyfi til að halda litla brennu

Umsóknaraðili: Handknattleiksdeild Aftureldingar kt. 460974 0119

Vöktun og gæsla á brennustað: Starfsmenn frá áhaldahúsi Mosfellsbæjar.

Hreinsun brennustæðis. Starfsmenn frá áhaldahúsi Mosfellsbæjar.

Áramótabrenna

Staðsetning brennu: Neðan Holtahverfis við Leirvog

Tímasetning brennu þann 31. desember 2019

Tímasetning: kl 20:30-22:30

Nafn ábyrgðarmanns: Haukur Sörli Sigurvinsson

Kennitala ábyrgðarmanns. 140880-6129

GSM: 612-2222

Leyfishafi skuldbindur sig til að sjá svo um að brennan sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og heilbrigðiseftirlit svo og önnur lög eða reglur sem brennuna varða. Leyfið er gefið út með vísun í samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir brennur sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar. Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar nr 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit..

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.

2. Skilyrði

2.1 Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluþyrvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.

2.2 Veitt er leyfi fyrir brennu allt að 300 m³ að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.” Brennutími skal ekki vara lengur en 2 klst.

2.3 Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.

2.4 Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.

2.5 Á brennstæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.

2.6 Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennstæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.


2.7 Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.

2.8 Sjá skal um að brennstæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennstæði, hvorki fyrir né eftir brennu.

2.9 Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar ár hvert.

2.10 Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.

18. desember 2019



STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

AÐSETUR: Þverholt 2, 270 Mosfellsbær • SÍMI: 525 6795 • MYNDSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

HEIMASÍÐA: www.eftirlit.is • NETFÖNG: eftirlit@eftirlit.is